

Númer: 47/2018

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

b.t. stjórnarformanns og framkvæmdastjórnar

Reykjavík, 19. september 2018

Tilvísun: 2018040011

Efni: Kynning á viðmiðunarreglum um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja og mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja


Með dreifibréfi dags. 22. maí 2018 kom Fjármálaeftirlitið því á framfæri að það muni við eftirlitsframkvæmd styðjast við viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja og sameiginlegar viðmiðunarreglur EBA/ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja. Frá og með 30. júní sl. mun því Fjármálaeftirlitið líta til þessara viðmiðunarreglna til að útfæra og skýra nánar hvað felst í ákvæðum 52. gr., 52. gr. a, 54. gr., 54. gr. a og 78. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Við mat á því hvort fjármálafyrirtæki uppfylli kröfur og skilyrði ákvæðanna mun Fjármálaeftirlitið hafa hliðsjón af viðmiðunarreglunum. Hið sama á við um kröfur og skilyrði sem sett eru fram í stjórnvaldsfyrirmælum með stoð í þeim, t.a.m. reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, nr. 150/2017. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, sjá tengla í meðfylgjandi tölvupósti.

- Viðmiðunarreglur EBA/GL/2017/11 um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja
- Sameiginlegar viðmiðunarreglur ESMA/EBA/GL/2017/12 um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja. Í viðauka er form fyrir árlegt sjálfsmat á samsetningu stjórnar

Þann **17. október kl. 8:30-10:00** fer fram kynning á ofangreindum viðmiðunarreglum þar sem fjallað verður um helstu breytingar sem þær fela í sér. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á mikilvægi þess að stjórnir og stjórnendur fjármálafyrirtækja kynni sér vel innihald viðmiðunarreglnanna og eru þeir hvattir sérstaklega til að mæta. Fjármálaeftirlitið hvetur jafnframt þátttakendur til að senda fyrirspurnir vegna viðmiðunarreglnanna á netfangið: stjornarhaettir(a)fme.is.

Kynningin fer fram í húsakynnum Fjármálaeftirlitsins að Katrínartúni 2, 3. hæð. Áhugasamir skrái sig á kynninguna með því að senda tölvupóst með fjölda þátttakenda og nöfnum þeirra á fme(a)fme.is, með efninu: „Viðmiðunarreglur EBA um stjórnarhætti fjármálafyrirtækja“ eigi síðar en kl. 12.00 16. október nk.



Finnur Sveinbjörnsson

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Hrafnhildur S Mooney